

32. fundur fræðslu- og menningarnefndar þriðjudaginn 21. apríl 2009

Fundur settur kl. 17.00 í Grunnskólanum á Þórshöfn

Mættir: Guðni Hauksson, Sigurður Ragnar Kristinsson, Sigurður Jóhannes Jónsson, Soffía Björgvinsdóttir, Steinunn Guðnadóttir, Heiðrún Óladóttir, Mirjam Blekkenhorst og Hilma Steinarsdóttir sem ritaði fundargerð.

1. Mál Skýrslur skólastjóra skólanna á Þórshöfn

Steinunn flutti sína skýrslu.

- Starfsmannamál rædd. Fullmannað í sumar nema vantar matráð vegna þess að mötuneyti dettur út 1. júní.
- Bömum fækkar í leikskólanum, eins og staðan er núna verða um 27 börn næsta vetur.
- Kynnti vetrarstarfið. Elsti árgangurinn heimsækir grunnskólana reglulega.
- Skipulag leikskólalóðar rætt.
- Sumarfrí verður frá 13. júlí til 11. ágúst

Heiðrún flutti sína skýrslu.

- Pisa próf, alþjóðlegt próf. Starfsmenn frá Námsmatsstofnun komu og framkvæmdu prófið, 10. bekkur fékk mikið hrós frá þeim.
- Stendur til að halda árs hátíð eldra stigs 24. apríl.
- Breyting á skólalokum 10. bekkjar. Nemendur 10. bekkjar hafa venjulega ekki verið mikið í skólanum eftir samræmdu próf en samræmd próf hafa verið felld niður. Nemendur fara því í hefðbundin skólapróf og fylgja stundaskrá eins og aðrir bekkir. Framvegis verða samræmd próf lögð fyrir nemendur 10. bekkjar á haustin.
- Próf/námsmat verður 13. – 22. maí maí. Skólaferðalög verða 25. – 27. maí Skólaslit verða 28. maí.
- Skólahreysti rædd, áhugi á að taka þátt í verkefninu næsta vetur.
- Fyrirhugað skólaráð og foreldrastarf rætt.

2.Mál Starfsmannamál.

- Heiðrún upplýsti um stöðu mála í Grunnskólanum. Það eru sjö bekkjardeildir í vetur en hugmynd um að hafa átta bekkjardeildir næsta vetur. 269 kennaratímar eru í vetur og með átta bekkjardeildum yrðu kennaratímar 302. Stuðningsfulltrúum mun fækka fyrir næsta vetur. Það vantar kennara í þrjú og hálfst stöðugildi fyrir næsta vetur. Nefndin mælir með að bekkjardeildum verði fjölgað úr sjö í átta samkvæmt tillögu og rökstuðningi skólastjóra.
- Umsókn liggur fyrir frá Sóleyju Vífilsdóttur um deildarstjórastöðu í leikskólanum. Samþykkt að mæla með ráðningu Sóleyjar í deildarstjórastöðu.

3.Mál Tónlistarskólinn.

- 19 nemendur eru í tónlistarnámi á Þórshöfn og 8 á Bakkafirði. Nefndin ræddi þá hugmynd að bjóða fleirum en grunnskóla nemendum upp á tónlistarnáml.

4. Mál Líðankannanir

- Jákvæð umræða um líðankannanir og vilji fyrir því að taka þær upp með reglubundnum hætti í Grunnskólanum á Þórshöfn.

5.Mál Erindi frá sveitarstjóra um fundafyrirkomulag.

Önnur mál

Námskeið á vegum Heimilis og skóla um samskipti heimilis og skóla rætt.

Fundi slitið kl. 19.10